

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EBE) nr. 3688/92

frá 21. desember 1992

um aðlögun reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í flutningum á vegum að tækniframförum

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) Nr. 3821/85 frá 20. desember 1985 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 3572/90 ⁽²⁾ einkum 17. og 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Nauðsynlegt er að koma í veg fyrir hvers konar misnotkun á rafeindaskráningarbúnaði við flutninga á vegum.

Á grundvelli reynslunnar og núverandi stöðu tæknimála er unnt að verja leiðslur búnaðarins til merkjasendisins þannig að ekki sé hægt að rjúfa þær.

Með hliðsjón af endingartíma skráningarbúnaðar sem nú er í notkun er nauðsynlegt að taka upp þessa nýju tækni í bandalagsstöðlum um gerð og ísetningu rafeindaskráningarbúnaðar.

Til að koma fyrir búnaði til hraðatakmarkunar í ökutæki þarf að rjúfa innsigli skráningarbúnaðarins. Samkvæmt reglugerðinni er slíkt einungis leyfilegt í neyðartilvikum. Því þyrfi að breyta reglugerðinni til samræmis því.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í reglugerð þessari eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun reglugerðar (EBE) nr. 3821/85 að tækniframförum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á reglugerð (EBE) nr. 3821/85 :

1. Í 12. gr. er eftirfarandi ákvæði bætt við sem 5. mgr.:
„ 5. Viðgerðarmenn eða verkstæði, sem lögbær yfirvöld hafa samþykkt samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar,

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 370, 31. 12. 1985, bls. 8.
⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 353, 17. 12. 1990, bls. 12.

mega rjúfa innsigli við aðstæður sem lýst er í 4. mgr. V. kafla I. viðauka við þessa reglugerð.“

2. Í 4. mgr. V. kafla I. viðauka er eftirfarandi ákvæði bætt við sem g-lið:

„ g) hvers kyns lok yfir stillibúnaði þar sem hægt er að laga fasta skráningarbúnaðar að einkennisstuðli ökutækisins.“

Í stað síðasta málslíðar 4. mgr. „ Einungis er heimilt að fjarlægja innsiglin sem um getur í b-, c-, og e-lið í neyðartilvikum;“ komi eftirfarandi:

„Heimilt er að rjúfa innsiglin sem um getur í b-, c-, og e-liðum:

— í neyðartilvikum,

— til að setja í, breyta eða gera við hraðatakmarkunararbúnað eða annan búnað sem stuðlar að auknu öryggi á vegum,

svo framarlega sem skráningarbúnaðurinn starfar rétt og með eðlilegum hætti og er aftur innsiglaður af viðurkenndum viðgerðarmanni eða verkstæði strax og hraðatakmarkunararbúnaðurinn eða annar búnaður sem stuðlar að auknu öryggi á vegum hefur verið settur í eða, eftir atvikum, innan sjö daga.“

3. Í V. kafla I. viðauka bætist eftirfarandi ákvæði við sem 5. liður:

„5. Leiðslurnar sem tengja sendi skráningarbúnaðarins skulu varðar með plasthúðuðu slíðri úr ryðfríu stáli samanklipnu í endann.“

2. gr.

Frá og með 1. janúar 1994 veita aðildarríkin ekki EBE-viðurkenningu fyrir skráningarbúnað sem er ekki í samræmi við ákvæði reglugerðar (EBE) nr. 3821/85, eins og henni er breytt með þessari reglugerð.

3. gr.

Frá og með 1. janúar 1996 skal skráningarbúnaður allra nýrra ökutækja sem tekinn er í notkun í fyrsta skipti vera í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 3821/85, eins og henni er breytt með þessari reglugerð.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þremur dögum eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. desember 1992.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karel VAN MIERT

framkvæmdastjóri.
